

Miðvikudaginn 23. júní 1954.

Nr. 29/1954. **Lárus Óskarsson**  
 gegn  
**Árnason, Pálsson & Co. h/f.**

Útivistardómur.

### Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Lárus Óskarsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 23. júní 1954.

Nr. 112/1952. **Dánarbú Þóru Helgadóttur**  
 (Gunnar Þorsteinsson)  
 gegn  
**Jóni Birni Benjamínssyni**  
 (Gústaf A. Sveinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Krafa um barnsmeðlag. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júlí 1952 að fengnu áfrýjunarleyfi 30. júní s. á., krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 13.161,05 eða til vara aðra lægri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1950 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðild áfrýjanda í máli þessu hefur ekki verið vefengd.

Stefndi er sóttur í máli þessu til greiðslu meðalmeðgjafar

samkvæmt 26. gr. laga nr. 46/1921, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1935, 1. gr. laga nr. 61/1941 og 1. gr. laga nr. 55/1943, og svo til greiðslu lágmarksmeðgjafar samkvæmt 8. gr. laga nr. 87/1947. Þykir það því eigi standa málsókninni í vegi, þótt úrskurður valdsmanns hafi eigi gengið um meðlagsgreiðslur.

Meðlag, sem lög gera föður óskilgetins barns að greiða með því, er ætlað barninu sjálfu til framfærslu og menningar. Lagarök og eðli máls leiða því til þess, að barnið á sjálft réttinn til meðlagsins. Er og þessi niðurstaða í beztu samræmi við niðurlagsákvæði 7. gr. laga nr. 87/1947, þar sem svo er mælt, að fara skuli með fyrirframgreitt meðlag sem fé ófjárráðra. Móður óskilgetins barns er í lögum fengin heimild til að innheimta meðlag með því og verja því í þágu þess, svo sem lög mæla, en hana brestur hins vegar alla heimild að lögum og lagarökum til að afsala barninu rétti til meðgjafarinnar. Er og almennt nauðsyn að aftra því, að móðir óskilgetins barns gefi upp rétt barnsins. Verður því þegar af þessari ástæðu að meta ógilda yfirlýsingu Þóru heitinnar Helgadóttur, dags. 29. des. 1948, þar sem hún gaf upp kröfur á hendur stefnda til meðgjafar með óskilgetnum syni sínum og stefnda, Kjartani Helga Erlingi, fæddum 4. október 1934, bæði fyrir liðinn tíma og óliðinn.

Samkvæmt 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 fyrnast meðlagsgreiðslur á fjórum árum. Umboðsmaður stefnda hér fyrir dómi hefur viðurkennt, að ófyrndar meðlagsgreiðslur, sem stefndi er krafinn um í málinu, nemi kr. 3.615,22, og ber að leggja þá viðurkenningu til grundvallar. Með tilvísan til framangreindra raka ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 3.615,22 með 6% ársvöxtum frá 27. nóv. 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5.000,00.

#### Dómsorð :

Stefndi, Jón Björn Benjamínsson, greiði áfrýjanda, dánarbúi Þóru Helgadóttur, kr. 3.615,22 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1950 til greiðsludags og kr. 5.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

## Sératkvæði

**Jóns Ásbjörnssonar hrd. og Þórðar Eyjólfssonar hrd.**

Stefndi, Jón Björn Benjamínsson, trésmiður í Reykjavík, hefur kannazt við, að hann hafi ekki greitt barnsmóður sinni, Þóru Helgadóttur, meðlag með syni þeirra, Kjartani Helga Erlingi, fæddum 4. október 1934. Árið 1947 fékk Þóra greiddan barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins vegna nefnds sonar síns fyrir níu fyrstu mánuði ársins, kr. 1.400,50. Árið eftir krafði Tryggingastofnunin stefnda um endurgreiðslu á fjárhæð þessari. Varð það tilefni þess, að stefndi fór hinn 29. desember 1948 suður í Sandgerði á fund Þóru, sem þar átti heima. Kveðst hann hafa skýrt henni frá, að Tryggingastofnunin hefði krafði hann um endurgreiðslu, og látið í ljós undrun sína út af því, þar sem Þóra hefði lofað honum að krefja hann ekki um meðlög með syni þeirra. Lagði hann síðan fyrir Þóru skjal, sem lögmaður hans hafði handritað, og ritaði Þóra nafn sitt undir skjalið að beiðni hans. En með þessu skjali er Þóra látin lýsa yfir því, að hún falli frá öllum kröfum um meðlagsgreiðslur með syni sínum, bæði fyrir liðinn og ókominn tíma, á hendur stefnda, Jóni Birni Benjamínssyni, framfærslusveit hans og Tryggingastofnun ríkisins.

Á það ber að fallast með héraðsdómara, að yfirlýsing þessi hafi samkvæmt 7. gr. laga nr. 87/1947 verið ógild, að því er varðar meðlagsgreiðslur, sem ekki voru í gjalddaga fallnar hinn 29. desember 1948. Kemur því aðeins til álita, hvort yfirlýsingin muni vera gild um eldri meðlagsgreiðslur.

Stefndi kveður Þóru hafa lesið skjalið, áður en hún undirritaði það, en ekki voru neinir vottar að gerningi þessum né samtali þeirra Þóru og stefnda í þetta sinn. Ekki hafði áður komið til tals milli þeirra, að Þóra gæfi stefnda yfirlýsingu með þessu efni, og stefndi hefur viðurkennt fyrir dómi, að hann hafi ekkert rætt við Þóru um efni yfirlýsingarinnar, áður en hún ritaði nafn sitt undir hana. Þar sem skjalið hafði að geyma óvenjulegt og óeðlilegt ákvæði, sem mjög er í óhag Þóru, bar stefnda skylda til að benda henni sérstaklega á það, áður en hún ritaði nafn sitt undir yfirlýsinguna. Var sú skylda stefnda því ríkari, þar sem hann hafði einhliða látið semja yfirlýsinguna, sem átti að leiða til afsals mikilvægra rétt-

inda úr hendi Þóru. Tæpum fjórum mánuðum síðar gerði Þóra ráðstafanir í viðurvist votta til að krefja stefnda um áfallin meðlög, og minntist hún þá ekki á, að hún hefði gefið stefnda yfirlýsingu um uppgjöf á meðlagsskyldu. Nokkur vitni hafa skýrt svo frá, að Þóra hafi jafnan talið sig eiga rétt til meðlagsgreiðslna úr hendi stefnda, og eitt vitni hefur borið, að Þóra hafi tjáð því, að stefndi hafi komið suður í Sandgerði og fengið hana til að falla frá því að krefja Tryggingastofnun ríkisins um meðlög. Bendir þetta ásamt atvikum að undirskrift skjalsins mjög til þess, að Þóra hafi ekki gert sér ljósa grein fyrir efni yfirlýsingarinnar. Og þar sem stefndi fékk Þóru með framangreindum hætti til að undirrita skjalið og hann hefur engar líkur leitt að því, að hún hafi ekki verið í villu, þá verður að telja, að Þóra hafi ekki að neinu leyti orðið bundin af yfirlýsingunni, sbr. 31. gr. laga nr. 7/1936. Fram er komið í málinu, að stefndi var vel efnum búinn, en fjárhagur Þóru hins vegar þröngur. Ber því einnig, eins og yfirlýsingunni var háttað, að meta hana ógilda samkvæmt 32. gr. sömu laga.

Við erum sammála meiri hluta dómenda um fyrningu á nokkrum hluta meðlagskröfunnar. Samkvæmt framanskráðu erum við samþykkir niðurstöðu dómsatkvæðis þeirra, og þar á meðal ákvæði um greiðslu málskostnaðar.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. febrúar 1952.**

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., hefur yfirfjórðandinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu vegna dánarbús Þóru Helgadóttur, Sandgerði, Miðneshreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 27. nóvember 1950, gegn Jóni Birni Benjamínssyni trésmið, Karfavogi 13 hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða vangoldnar meðlagsgreiðslur, að fjárhæð kr. 13.169,05, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur *adallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. *Til vara* hefur hann krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 2.700,00 og *til þrautavara* sýknu gegn greiðslu á kr. 5.817,87.

Málsatvik eru þau, að hinn 4. október 1934 eignuðust þau stefndi og Þóra sáluga Helgadóttir son, en þau voru ekki gift og virðast ekki hafa búið saman. Drengurinn, sem skírður var Kjartan Helgi Erlingur, var alinn upp á vegum Þóru, sem virðist hafa séð ein um

framfærslu hans framan af og ekki fengið neitt meðlag frá stefnda. Hinn 25. nóv. 1946 sækir Þóra heitin um barnalífeyri vegna drengsins til Tryggingastofnunar ríkisins. Fékk hún greiddan slíkan lífeyri fyrir mánuðina janúar—sept. 1947, samtals kr. 1.400,50. Hætt var að greiða lífeyri þennan, vegna þess að gefnar höfðu verið rangar upplýsingar í umsókn um hann, og var stefndi krafinn um endurgreiðslu. Virðist hann hafa endurgreitt fé þetta á árinu 1948. Hinn 29. des. 1948 fór stefndi á fund Þóru heitinnar, og undirritaði hún þá svohljóða skjal:

„Ég, Þóra Helgadóttir, Setbergi í Sandgerði, lýsi hér með yfir því, að ég fell frá öllum kröfum á hendur Jóni Birni Benjamínssyni trésmíðameistara, Hraunteigi 15 í Reykjavík, um meðlagsgreiðslur með syni okkar, Helga Erlingi, fæddum 4. október 1934, og gildir þetta jafnt um meðlög fyrir liðinn tíma sem um meðlagsgreiðslur í framtíðinni, þannig að ég á engar kröfur af þessu efni á hendur greindum Jóni Birni Benjamínssyni, framfærslusveit hans né Tryggingastofnun ríkisins.“

Á skjal þetta hafa engir vottar ritað.

Þóra heitin virðist um þessar mundir hafa verið búin að taka ólæknandi sjúkdóm, og frá því í janúarmánuði 1949 dvaldist hún hér í bænum á heimili mágkonu sinnar og þar til hún lézt hinn 27. apríl s. á. Hinn 24. apríl 1949 ritar mágkona Þóru heitinnar, sem hún dvaldist hjá, að beiðni hennar skjal, þar sem Þóra felur nafngreindum manni að krefja inn hjá stefnda meðlög með drengnum frá fæðingu hans, að frá skildu því meðlagi, sem Tryggingastofnun ríkisins hafði greitt. Í skjali þessu er tekið fram, að Þóra hafi lofað að krefja ekki stefnda um greiðslu, meðan hann væri við nám, en hann hafi lofað að greiða það að loknu námi, en það hafi hann eigi gert. Undir skjal þetta ritaði fyrrnefnd mágkona Þóru fyrir hennar hönd og tveir vottar, sem hafa borið fyrir dómi, að það hafi verið lesið fyrir Þóru og hún lýst sig samþykka því. Læknir sá, sem stundaði Þóru heitna í banalegu hennar, hefur vottað, að hún hafi verið með fullu ráði og rænu allt til andlátsdags. Frá 1. september 1949 til 31. okt. 1950 hafa almannatryggingarnar greitt venjulegan barnalífeyri með drengnum.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að stefndi skuldi meðlag með drengnum frá fæðingu hans til fullnaðs 16 ára aldurs eða alls kr. 16.764,30. Þar frá beri hins vegar að draga það fé, er hafi fengizt greitt frá almannatryggingunum, kr. 3.603,25, og komi þannig fram dómkrafan kr. 13.169,05 (svo). Að því er varðar yfirlýsingu Þóru heitinnar frá 29. desember 1948, þá hefur stefnandi talið, að hún sé ógild, þar sem Þóra hafi undirritað hana í þeirri trú, að í henni fælist aðeins yfirlýsing um, að hún skyldi ekki framvegis krefjast meðlags frá Tryggingastofnun ríkisins. Þá hefur stefnandi talið, að yfirlýsing þessi væri ógild samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 87 frá 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að svo hafi verið samið frá upphafi með þeim Þóru heitinni, að hún krefði ekki meðlaga með syni þeirra. Samningur þessi hafi ekki verið skriflegur, en haldinn að öllu leyti af Þóru heitinni. Þó hafi hún eitt sinn fengið greiddar kr. 1.400,50 frá Tryggingastofnun ríkisins, er Tryggingastofnunin hafi síðan endurkafið hjá stefnda. Hefur stefndi dregið í efa, að það hafi verið að vilja Þóru heitinnar, að fé þetta var fengið greitt. Hinn 28. des. 1948 hafi Þóra heitin síðan undirritað yfirlýsingu þess efnis, að hún félli frá öllum meðlagskröfum á hendur stefnda, bæði fyrir liðinn tíma og í framtíðinni. Þessi samningur sé að öllu leyti gildur og bindandi fyrir dánarbú hennar. Þá hefur stefndi mótmælt því, að yfirlýsing þessi sé ógild, af því að ekki hafi verið uppfyllt skilyrði 7. gr. laga nr. 87 frá 1947. Að minnsta kosti hafi Þóru heitinni verið heimilt að gefa eftir öll þau meðlög, sem í gjalddaga voru fallin. Að því er varði þann tíma, sem honum hafi borið að greiða meðlög eftir lát Þóru, þá hafi hann boðizt til að taka drenginn á sitt heimili, en það hafi ekki fengizt, og komi því ekki til greina, að honum verði gert að greiða meðlög fyrir þann tíma. Enn fremur geti stefnandi ekki krafði um meðlög fyrir þann tíma, sem almannatryggingar hafi greitt þau. Loks hefur stefndi mótmælt öllum kröfum eldri en fjöggra ára, frá því að hafizt var handa um fjárheimtu þessa, sem fyrndum.

Varakröfu sína um greiðslu á kr. 2.700,00 byggir stefndi á því, að honum beri aðeins að greiða meðlög frá dánardægi Þóru heitinnar 27. apríl 1949 til loka októbermánaðar 1950, en í þeim mánuði varð drengurinn 16 ára.

Prautavarakröfu sína um greiðslu á kr. 5.817,97 byggir stefndi á því, að honum beri aðeins að greiða meðlög frá 4. nóv. 1946, þar sem eldri kröfur séu fyrndar, og nemi það fé kr. 7.218,47, en þar frá beri að draga þær kr. 1.400,50, er Tryggingastofnun ríkisins hafi innheimt.

Því er ekki mótmælt, að Þóra heitin hafi undirritað yfirlýsingu þá frá 28. des. 1948, sem að framan er getið. Og ósannað er, að henni hafi ekki verið ljóst efni hennar og þýðing. Í 7. gr. laga nr. 87 frá 1947 segir m. a., að barnsmóður sé heimilt að semja fyrir fram um greiðslu meðlags, en þó sé sá samningur því aðeins gildur, að valdsmaður staðfesti hann, og eigi sé heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyrir sé á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar. Samkvæmt þessu ákvæði er ógild sú ákvörðun samkomulags þeirra stefnda og Þóru heitinnar, sem varðar þau meðlög, sem eigi voru í gjalddaga fallin, er samkomulagið var gert. Hins vegar verður ekki komizt hjá að telja samkomulag þetta gilt, að því er varðar þau meðlög, sem í gjalddaga voru fallin. Samkvæmt þessu eru meðlög með drengnum krafð frá 1. janúar 1949 að telja, enda sýnir skjalið frá 24. apríl 1949 vilja Þóru heitinnar til heimtu þeirra. Í málinu er fram komið, að almannatryggingar hafa greitt

barnalífeyri vegna drengsins frá 1. sept. 1949 til 16 ára aldurs hans. Verður því ekki talið, að stefnandi geti krafist stefnda um meðlag fyrir þann tíma. Með vísan til þessa ber stefnda að greiða stefnanda meðlög fyrir tímabilið frá 1. janúar 1949 til 1. sept. s. á. eða kr. 1.200,00, og skiptir ekki hér máli, þótt stefndi hafi boðizt til að taka drenginn til sín, enda ósannað, að hann hafi gert það fyrr en í nóvembermánuði s. á.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða kr. 1.200,00 með vöxtum svo sem krafizt er og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 450,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, Jón Björn Benjamínsson, greiði stefnanda, yfirfjóraráðandanum í Gullbringu- og Kjósarsýslu f. h. dánarbús Þóru Helgadóttur, kr. 1.200,00 með 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1950 til greiðsludags og kr. 450,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. júní 1954.

Kærumálið nr. 13/1954.

**Ákærvaldið** (Theodór B. Lindal)  
gegn

**Kristjáni Hans Jónssyni** (Einar Arnórsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáramar Hæstaréttar.

Ákærvaldið. Frávísun frá Hæstarétti.

#### Dómur Hæstaréttar.

Björn Ingvarsson, settur lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Ákærði kærði til Hæstaréttar 24. maí þ. á. úrskurð saka-dóms Keflavíkurflugvallar, upp kveðinn sama dag, og veitti utanríkisráðherra samþykki til kærunnar hinn 8. júní þ. á. með tilvísan til 124. gr. laga nr. 27/1951. Hæstiréttur skipaði sækjanda og verjanda í málinu, og var það flutt munnlega í Hæstarétti hinn 23. þ. m.

Af hendi ákærða hefur þess verið krafizt, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, sökum þess að utanríkisráðherra, sem